



# Undir Eyjafjöllum vorar snemma

● Fuglar mannlífsins verpa í mörgum hreiðrum í sveitinni ● Hlýindi úr suðri og skjól undir hamragörðunum ● Kokkurinn er mættur og Trumparar gista í Skálakoti ● Ríkisstjórnin tekur úr lás

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

„Sveitin mín er í sérflokki,“ segir Guðmundur Viðarsson, bóndi í Skálakoti undir Vestur-Eyjafjöllum. „Hvergi á landinu vorar jafn snemma og einmitt hér. Háir hamragarðarnir veita skjól fyrir norðanátt og nú þegar hlý sunnanátt berst á landinu njótum við hennar einstaklega vel. Eyjafjallabændur eru því margir byrjaðir í jarðvinnu og alls ekki einsdæmi að hún fari af stað strax í marsmánuði. Hér eru nokkur stór bú en líka ýmis önnur atvinnustarfsemi sem er gæfa þessarar sveitar. Fuglar mannlífsins hér hafa orpið eggjum sínum í mörg hreiður.“

## Vel borgandi Bandaríkjamenn

Ferðapjónusta hefur verið mikilvæg atvinnugrein undir Eyjafjöllum og á nokkrum bæjum hefur boðist gisting, veitingar eða afþreying. Margt áhugavert er að sjá í sveitinni, sem svo margir ferðamenn fara í svokölluðum suðurstrandarferðum. Í Skálakoti er starfrækt hótél með 14 herbergjum; sem eru í burstahúsi sem vakið hefur athygli fyrir stíl-hreinan arkitektúr. Rólegt hefur verið á hótelinu að undanförunu, en nú er allt að glæðast.

„Hótelstjórinn minn fór til síns heima suður til Ítalíu í haust, en um daginn sendi ég henni skilaboð um að snúa hið snarasta aftur. Kokkurinn er kominn til starfa og ferðamenn farnir að sjást aftur,“ segir Guðmundur. „Gestir hjá mér hafa gjarnan verið vel borgandi fólk, til dæmis frá Bandaríkjunum. Ég kalla þessa gesti stundum Trumpara, fólk sem er kannski í fjórar nætur og



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Eyfelligur Gæfa sveitar, segir Guðmundur í Skálakoti, hér framan við reisulega byggingu; hótél og íbúðarhús.**

gerir héðan út; fer austur að Jökulsárlóni, til Vestmannaeyja, í Landmannalaugar og Þórsörk. Þeir allra flottustu jafnvel leigja þyrllu í þessar ferðir. Efnafólk í útlöndum kemur ágætlega undan kórónukreppunni og leggst í ferðalög um leið og bólusetningu er lokið. Opnun landsins fyrir bólusettingu er raunar strax farin að telja í fyrirspurnum og bókunum hjá okkur. Ríkisstjórnin á lof skilið fyrir að taka úr lás,“ segir Guðmundur og heldur áfram:

„Ég held annars að mjög verðugt sé núna að velta fyrir sér hvaða fólk muni helst koma til Íslands á allra næstu árum. Allar kannanir sýna að

þrengingar af völdum Covid hafa leikið millistéttina illa – svo fólk í þeim hópi hefur minni peninga handa á milli. Því segir sig sjálfst að fólk sem á ekki fyrir mat á mánuðegi fer ekki í ferðalag á þriðjudegi. Að minnsta kosti held ég að einhverjir mánuðir líði þar til millistéttarfólkið byrjar aftur að ferðast að einhverju ráði.“

## Heildin hafi slagkraft

Eins og algengt er með landsbyggðafólk er Guðmundur í Skálakoti með mörg járn í eldinum. Hefur sterkar skoðanir á málefnum í nær-samfélagi sínu og hefur látið til sín

taka í sveitarstjórn Rangárþings eystra. Þar talar hann eindregið fyrir sameiningu sveitarfélaga á austanverðu Suðurlandi, það er frá Þjórsá austur að Skeiðarársandi. Sameinaðir verði Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur sterk heild sem hafi slagkraft til mikilvægra verkefna. Að framhaldsskóli á þessu svæði verði settur á laggirnar sé aðkallandi mál. Einnig þurfi að heimila fleirum að nýta Landeyjahöfn en bara útgerð Herjólfss. Fjárfestingin í höfninni sé mikil en nýtist ekki sem skyldi. Úr því eigi að vera auðvelt að bæta.

## SPENNANDI TÆKIFÆRI



Hestaferð Ferðamenn á góðum degi við Írafoss við Skálakot.

## Sjálfbærni

„Rangárþing eystra er rótgróið samfélag þar sem landbúnaður, iðnaður og ferðapjónusta eru undirstöðurnar. Hér undir Eyjafjöllum hefur okkur almennt farnast vel og byggðin stendur á traustum grunni,“ segir Guðmundur Viðarsson.

„Ungt fólk hefur í nokkrum mæli snúið aftur heim í sveitina sína og tekið við búskap hér sem er gott. Við hér í Skálakoti, ég og Jóhanna Sólvéig Þórhallsdóttir konan mín, erum utan ferðapjónustunnar hér með hross og um 300 fjár. Afurðir af því hef ég að stórum hluta tekið heim og þær verið matreiddar á hótelinu hér. Framlegðin verður mest þannig og að búa vel að sínu með sjálfbærni er dyggt. Í sveitinni bjóðast nefnilega tækifæri til þess að gera svo ótrúlega marga spennandi hluti sér til viðurværis. Verkefni sem telja og skila sér til samfélagsins,“ segir Guðmundur.